Nesfréttir

MAÍ 2022 • 5. TBL. • 35. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á visir.is

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

Neshlaupið haldið í 33. sinn

NESHLAUPIÐ var haldið laugardaginn 7. maí sl. en Trimmklúbbur Seltjarnarness (TKS) stóð fyrir hlaupinu í samstarfi við Seltjarnarnesbæ. Neshlaupið hefur verið árviss viðburður um árabil og var nú haldið í 33. sinn. Það hefur alla tíð notið mikilla vinsælda meðal götuhlaupara og skemmtiskokkara. Um það bil 30 félagar í TKS sáu um framkvæmd hlaupsins sem er einn af stærstu viðburðum á Nesinu á hverju ári. Hlaupnar voru þrjá vegalengdir 3,25 km, 7,5 km og 15 km.

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

Betri bær fyrir börn
XS Seltjarnarnes

Velkomin á Grandann
Nú **sækjum** við og **skilum** bílnum
Frumherji
Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • **Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30**

Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings
Hagstætt verð
REYKJAVÍKUR APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298**
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson
BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson
NETFANG: borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Kosið um fjármál

Bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnesnesi munu koma til með að snúast að einhverju leyti um fjármál bæjarfélagsins.

Minni- og meirihluti bæjarstjórnar hafa deilt hart um rekstur bæjarfélagsins á því kjörtímabili sem er að líða. Niðurstöður ársreikninga þess benda til að taka verði betur á. Eitthvað verði að laga.

Íraun snýst málið um stefnu bæjaryfirvalda í fjármálum. Hvort rétt sé og nauðsynlegt að halda útsvarsprósentu í algeru lágmarki þótt rekstrartölur bæjarfélagsins sýni hallarekstur.

Samþykkt var að hækka útsvar Seltjarnarnesbæjar úr 13,70 prósentum í 14,09 prósent á fundi bæjarstjórnar fyrir síðustu áramót. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins klofnaði við atkvæðagreiðsluna og lagðist einn fulltrúi flokksins á sveif með minnihlutanum. Sá bæjarfulltrúi er nú gengin í lið með öðrum flokki.

Seltjarnarnesbær er lítið sveitarfélag. Þótt um öfluga greiðendur sé að ræða greiða ýmsir hluta skatta af fjármagnstekjum sem renna ekki til sveitarfélaga.

Með nýju íbúðahverfi við Bygggarða eru líkur til að útsvarstekjur aukist en þær fara ekki að skila sér fyrr á síðari hluta þess kjörtímabils sem fer að hefjast.

Mestu er um vert að bæjarfélaginu takist að veita þá þjónustu sem því er ætlað samkvæmt sveitarstjórnarlögum hvaða leið sem bæjaryfirvöld velja.

Áfram opið á vestursvæðunum

Vestursvæðin á Seltjarnarnesi og friðlandið í Gróttu verða áfram opin umferð gangandi fólks árið um kring. Grótta sjálf verður þó lokuð á varptíma eins og verið hefur síðan 1974. Þetta kemur fram í endurskoðuðum friðlýsingaskilmála friðlandsins Gróttu sem nú fer fyrir bæjarstjórn og til kynningar.

Grótta við Seltjörn.

Takmarkanir umferðar á Seltjörn ná aðeins til truflandi umferðar farartækja á varptíma en sjósund, kajakar, árabátar og sambærileg farartæki verða samkvæmt tillögunni áfram leyfð. Nýja tillagan er komin til bæjarstjórnar sem tekur ákvörðun um hvort hún fari í auglýsingu og sex vikna kynningar og umsagnarferli eins og lög gera ráð fyrir. Í kjölfarið geta Seltirningar sett fram athugasemdir og ábendingar ef einhverjar eru. Í framhaldinu tekur ný bæjarstjórn afstöðu til ábendinga og endanlega afstöðu. Umhverfisnefnd leggur til að tillagan fari í lögbundin farveg með auglýsingu og sex vikna umþóttunartíma.

Ákveðið að ráða æskulýðsfulltrúa

Ákveðið hefur verið að ráða í stöðu æskulýðsfulltrúa á Seltjarnarnesi og forstöðumanni fjölskyldumála falið að ráða í stöðuna.

Þetta var samþykkt í bæjarstjórn með atkvæðum minnihlutans og Bjarna Álfþórssonar sem hefur yfirgefið samstarf með fyrrum félögum sínum í meirihluta. Þrír fulltrúar Sjálfstæðismanna greiddu atkvæði gegn þessari tillögu.

Betri bær fyrir okkur öll

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Sigurþóra Bergsdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson

Karen María Jónsdóttir

Guðmundur Gunnlaugsson

Eva Rún Guðmundsdóttir

Björg Þorsteinsdóttir

Stefán Árni Gylfason

Betri og lifandi miðbær

Betri bær fyrir börn

Betri bær fyrir eldri borgara

www.xseltjarnarnes.is

Seltjarnarnes

Tekist á um reikninga bæjarsjóðs

Tekist var á um reikninga bæjarsjóðs á fundi bæjarstjórnar 27. apríl sl. Alls varð 566 milljóna króna halli á A-hluta rekstri Seltjarnarness árið 2021. Þetta kom fram á bæjarstjórnarfundi miðvikudaginn 27. Karl Pétur Jónssonar, bæjarfulltrúa Viðreisnar sagði að uppsafnaður halli 2015 til 2021 1.540 milljónir. Skuldir hafi frá 2013 vaxið úr 1,5 milljörðum í 6,1 milljarð.

Í bókun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar segir m.a. að niðurstaða bæjarsjóðs sé 566 milljón króna tap sem er ein versta niðurstaða í sögu sveitarfélagsins og þarf að fara aftur til bankahrunsins til að finna ársreikning sem skilar jafn háu tapi og árið 2021 gerir. Það vonda við stöðuna núna er það að þessi sögulega lélegi ársreikningur kemur í kjölfarið á fjögurra ára tímabili hallareksturs A sjóðs sem nú hefur safnast upp í 1400 milljónir króna á fimm ára tímabili. Þetta þýðir að það eru ekki til peningar til að mæta þjónustukröfum íbúa, sinna viðhaldi eða sækja fram við að búa til betri bæ fyrir börnin okkar og okkur öll. Rétt að taka fram að 438 milljónir af rekstrarhalla bæjarsjóðs er breyting á lífeyrisskuldbindingu þar sem búið er að endurreikna af tryggingastærðfræðingum hvað áætlað er að bærinn muni þurfa greiða í lífeyrisgreiðslur á næstu árum. Þetta eru upphæðir sem við munum þurfa greiða en við höfum litla sem enga stjórn á.

Útsvarshækkunin dugar ekki til að loka rekstrargati

Rekstrarniðurstaða fyrir breytingu á lífeyrisskuldbindingu er 128 milljónir. Áhugavert er að setja þá upphæð í samhengi við umræðuna síðastliðið haust þar bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins mótmæltu útsvarshækkunar úr 13,7% upp í 14,09%. Hækkun sem nemur 390 krónur á hverjar 100.000 krónur sem íbúi á Seltjarnarnesi er með í laun en skilar um 100 milljónum í bæjarsjóð. Sú hækkun dugar ekki einu sinni til að loka því rekstrargati sem Sjálfstæðismenn skilja eftir sig þegar búið er að draga 438 milljóna tap frá raunverulegri rekstrarniðurstöðu bæjarins.

Traust fjárhagsstaða og bjartir tímar

Í bókun meirihluta bæjarstjórnar kveður við annan tón. Þar segir að traust fjárhagsstaða og bjartir tímar séu framundan á Nesinu. Grunnrekstur styrktist um 135 milljónir milli ára. Rekstur A hluta bæjarins fyrir afskriftir og fjármagnsliði skilaði 82 m.kr. afgangi samanborið við 53 m.kr. halla árið 2020. Er þetta bati upp á 135 m.kr. Þá er grunnreksturinn 129 m.kr. betri en áætlanir fyrir 2021 gerðu ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða af A sjóði fyrir breytingu á lífeyrisskuldbindingu

er halli upp á 128 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 194 m.kr. hallarekstri vegna yfirstandandi Covid faraldurs sem nú sér loks fyrir endann á. Betri rekstrarniðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir skýrist af hærri tekjum, einkum útsvarstekjum sem voru 200 m.kr. yfir áætlun. Skatttekjur A hluta námu 3.615 m.kr. og hækkuðu um 6,2% frá síðasta ári. Laun og launatengd gjöld námu um 2.823 m.kr. og hækkuðu um 2,5%. Annar rekstrarkostnaður var töluvert hærri en áætlun gerði ráð fyrir, nam 1.799 m.kr. og hækkaði um tæp 8,6%. Skýrist kostnaður umfram áætlun að miklu leyti af aðgerðum vegna Covid faraldursins og má þar nefna m.a. lokun sundlaugar, aukin þrif og launakostnað. Veruleg hækkun lífeyrisskuldbindinga skýrir neikvæða rekstrarniðurstöðu.

Sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

Kjörfundur á Seltjarnarnesi er frá kl. 09:00 til kl. 22:00 í Valhúsaskóla við Skólabraut

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar er almenningi til sýnis, á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, 1. hæð, á opnunartíma skrifstofunnar.

Kjörfundur á Seltjarnarnesi þann 14. maí 2022, er í Valhúsaskóla við Skólabraut og hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið er í þremur kjördeildum, eins og verið hefur í undanförnum kosningum.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sýslumönnum um allt land. Á höfuðborgarsvæðinu fer hún fram í Holtagörðum, 2. hæð og er opið alla daga frá kl. 10:00 til 22:00. Á kjördag 14. maí nk. verður opið frá kl. 10:00 til 17:00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

www.kosning.is - Kosningavefur dómsmálaráðuneytisins er með ýmsar gagnlegar upplýsingar um kosningarnar.

Munið eftir persónuskilríkjum

Yfirkjörstjórn á Seltjarnarnesi skipa: Árni Ármann Árnason, Pétur Kjartansson og Gunnlaugur Ástgeirsson. Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður í Valhúsaskóla, sími 5959 264.

F.h. yfirkjörstjórnar
Árni Ármann Árnason, formaður

SELTJARNARNESBÆR

Nýr flygill keyptur í sal Tónlistarskólans

Sólveig Kristjana Hafstein píanónemandi og Silja Björk Baldursdóttir kennari við Bösendorfer flygilinn sem hefur staðið sína plikt í 30 ár í Tónlistarskólanum.

Nýverið var tekin ákvörðun um að festa kaup á nýjum flygli inn í sal Tónlistarskólans en ríflega þrjátíu ár er síðan að núverandi konsertflygill var keyptur. Sá flygill er af tegundinni Bösendorfer og hefur verið aðal tónleikahljóðfæri skólans, í einleik og samleik. Mjög var vandað til valsins á sínum tíma og raunin varð sú að fyrstu árin eftir kaupin sóttust píanóleikarar eftir að halda tónleika í sal Tónlistarskólans sem og að taka þar upp hljómplötur.

Flygillinn hefur þjónað hlutverki sínu vel þessa áratugi en nú er svo komið að hann er orðinn mjög slitinn eftir mikla og stöðuga notkun. Fyrir nokkru var því ljóst að endurnýjunar væri þörf og bæjarstjóra gerð grein fyrir stöðu mála. Nú á vormánuðum var svo samþykkt í bæjarráði að ráðast í kaup á nýju hljóðfæri.

Ákveðið var að leita til Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara um aðstoð við val á nýjum konsertflygli en svo skemmtilega vill til að hann er búsettur á Seltjarnarnesi ásamt fjölskyldu sinni. Að þessu sinni verður keyptur flygill frá Steinway & Sons og munu þau Víkingur Heiðar og Aðalheiður Eggertsdóttir, deildarstjóri píanódeildar, fara til Hamborgar í haust til að velja sérstaklega hljóðfæri sem hentar sal skólans og þeirri notkun sem starfsemi skólans kallar á. Þetta nýja hljóðfæri verður mikil lyftistöng fyrir Tónlistarskólann, nemendur hans og allt tónlistarlíf á Seltjarnarnesi.

Nýr veitingastaður að opna í Ráðagerði

Eins og sjá má fær sögulegt útlit Ráðagerðis að njóta sín.

Nú er bara beðið leyfis til að opna nýjan veitingastað í Ráðagerði á Seltjarnarnesi. Ráðagerði verður hverfisstaður fyrir Nesið og nærliggjandi byggðir þar sem verður opið frá morgni til kvölds. Hugmyndin með hinum nýja stað í grónu umhverfi er að allir geti fundið eitthvað sér við hæfi sama hvað klukkunni slær. Kaffi og með því á morgnana, og síðan verður boðið upp á bæði hádegis- og kvöldmatseðil. Svo er ætlunin að verða með „appertivo“ stund þar sem fólk getur komið við í fjölbreytta antipasti rétti og happy hour. Um helgar verður síðan boðið uppá brunch matseðill.

Ráðagerði er staðsett í nágrenni við náttúruperluna í Gróttu vestast á Seltjarnarnesi og er ætlunin að tengja nýja starfsemi við að tengja staðinn við útivist. Gísli Björnsson einn eigenda staðarins segir að helstu áherslur verði að mæta fólki með notalegu viðmóti, góðri þjónustu og bragðgóðum mat.

Ráðagerði á sér langa sögu. Elsta heimildin um Ráðagerði er frá 1703 en þá var jörðin hjáleiga. Húsið í Ráðagerði var byggt í kringum árið 1880 og er elsta timburhús á Seltjarnarnesi. Gísli segir að þegar þeir félagar voru að hanna staðinn hafi þeim fundist mikilvægt að leyfa húsinu og langri sögu þess að njóta sín.

DAGSKRÁ MAÍ 2022

2. – 28. maí

PLÖNTU-RATLEIKUR

Á safninu er að finna fjölmargar lifandi plöntur sem lífga upp á umhverfið – komdu og spreyttu þig í plöntuleit!

12. maí kl. 17.00

SÝNINGAROPNUN Í GALLERÍ GRÓTTU

Ásdís Spanó opnar sýningu sína **Continuum - Place**. Sýningin stendur til 4. júní 2022.

GALLERÍ GRÓTTA

13. maí kl. 17.00 – 18.00

ÞAÐ VARST ÞÚ SEM MIG VANTAÐI

Bréf Lilju Magnúsdóttur til dóttur sinnar

Kynning og hlustun á tónverkið **Elsku Borga mín** eftir **Atla Ingólfsson**. Verkið er byggt á bók Atla **Veðurskeyti frá Ásgarði.** Höfundur fylgir verkinu úr hlaði og svarar spurningum.

Aðgangur er ókeypis.

28. maí kl. 11.00 – 14.00

FÖNDUR

Sæunn barnabókarvörður býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á skemmtilegt föndur.



SUMARLESTUR 30. maí – 2. september – FÖSTUDAGSHAPPDRÆTTI

Komdu á bókasafnið og skráðu þig í sumarlestur!

Bókasafnið stendur fyrir lestrarátaki í allt sumar og eru börn á aldrinum **5-12 ára** hvött til að taka þátt. Börnin fá sérstaka **lestrardagbók** þar sem hægt er að halda utan um lesturinn og við hverja bókasafns-heimsókn er stimplað í bókina. Að auki er hægt að fylla út og skila inn **lestrarHAPPAmiða** fyrir hverja lesna bók. Úr miðunum er svo dregið alla föstudaga og nokkrir heppnir lesendur fá **verðlaun** í hvert sinn.

ATH! Vegna innleiðingar á nýju bókasafnskerfi verður **skert þjónusta** á nýju efni frá og með 9. maí til og með 13. júní nk.

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17.
Lokað á laugardögum í sumar (júní, júlí, ágúst)

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is Bókasafn Seltjarnarness

Bókasafn Seltjarnarness

Skemmtilega sögustund hjá Sæunni

Skemmtileg sögustund var í Bókasafni Seltjarnarness á dögunum.

Þá las Sæunn barnabókavörður sögurnar Palli var einn í heiminum eftir Jens Sigsgaard og Stór og svolítið pirrandi fíll eftir David Walliams fyrir yngstu börnin á Sögustund í Bókasafni Seltjarnarness. Áhuginn hjá börnunum leyndi sér ekki. Þau létu fara vel um sig og hlustuðu af athygli á Sæunni lesa.

Leyft að rífa Bygggarða 3

Bygggarðar 3, þar sem áður fyrr var Áhaldahús bæjarins.

Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt umsókn Gróttubyggðar ehf. um að rífa megi byggingar við Bygggarða 3, þar sem Áhaldahús Seltjarnarnesbæjar var staðsett árum saman.

Samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar samræmist niðurrifið deiliskipulagi og ákvæðum laga nr.160/2010. Niðurrif þessara bygginga er nauðsynlegt vegna byggingar hins nýja íbúðahverfis við Bygggarða. Að þessum byggingum horfnum stendur ekki annað eftir á gamla iðnaðarhverfinu við Bygggarða en húsalínan vestan megin við götuna. Þar eru einkum stunduð vélsmíði og bílaviðgerðir en safn af ónýtum bílhræjum hefur löngum einkennt þetta svæði.

TOYO TIRES · PIRELLI · Laufenn Journey in Style · MAXXIS DEKK · Mastercraft TIRES · NANKANG · INTERSTATE TIRES · DOUBLECOIN

Sumarið er í næsta nágrenni...

...og Nesdekk líka!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Nesdekk / Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110 / Röð

NESDEKK
561 4200 / nesdekk.is

xA

Á komandi kjörtímabili þarf að hugsa um börnin á Seltjarnarnesi.
Þjónustu skólanna verður að efla. Leikskóli þarf að rísa. Fleira fólk að flytja á Nesið. Viðhalda þarf götum og húsnæði í eigu bæjarins. Við þurfum nútímalegar lausnir á verkefnum og fagfólk við stjórnvölinn.

SEGJUM SKILIÐ VIÐ FORTÍÐINA. LÁTUM FRAMTÍÐINA TAKA VIÐ.

Á kjörtímabilinu þarf meðal annars að:

- Byggja leikskóla hratt og vel
- Auka valfrelsi foreldra um leikskóla
- Efla þjónustu grunnskólans
- Byggja eldhús í skólanum og gefa börnunum góðan mat
- Þróa nýjan miðbæ með yfir 120 íbúðum fyrir fólk á öllum aldri, í samstarfi við einkaaðila
- Styrkja þjónustu við eldri borgara
- Sinna viðhaldi eigna bæjarins með markvissum hætti

KRAFTUR.
GLEÐI.
SAMSTAÐA.

FRAMTÍÐIN

Facebook.com/framtidinaseltjarnarnesi

Kjósum betri framtíð fyrir börnin okkar

Það er kraftur í okkur

Þór Sigurgeirsson.

Nú er metnaðarfull stefnuskrá okkar Sjálfstæðismanna komin í hendur bæjarbúa. Leiðarstef hennar er vellíðan, góð þjónusta og velsæld bæjarbúa. Við sem skipum framboðslista Sjálfstæðismanna erum afar stolt af þeim fjölmörgu málum sem við berum á borð fyrir ykkur. Sum þessara áherslumála eru brýnni en önnur og viljum við setja þau strax á dagskrá á fyrstu vikum nýs kjörtímabils.

Falleg ásýnd bæjarins

Nú þegar við göngum að kjörborðinu er afar mikilvægt að hafa í huga þau skilaboð og ábendingar sem við höfum fengið frá íbúum. Við Sjálfstæðismenn héldum á dögunum sérlega fjölmennt hugmyndaþing um það hvað íbúar vildu helst setja á oddinn. Fjöldi góðra ábendinga barst og var hluti þeirra nýttur í stefnuskrá okkar. Mjög margir bentu á viðhald gatna og göngustíga, mikilvægi bættrar lýsingar og endurnýjun leiksvæða. Við svörum kalli bæjarbúa um þessi mikilvægu ásýndarmál sem eru ekki síður öryggismál.

Við áformum að setja upp forgangsmiðaða viðhaldsáætlun í góðu samráði við bæjarbúa á hverjum tíma. Mikill metnaður verður lagður í jákvæða og góða ásýnd bæjarins alls næstu fjögur ár . Lykillinn að vel reknum og fallegum bæ er góð yfirsýn yfir ástand eigna og að gripið sé til aðgerða tímanlega til að fyrirbyggja skemmdir.

Forgangsmál okkar er hönnun og bygging nýs leikskóla fyrir allt að 150 börn. Við leggjum upp með að hanna bygginguna í samráði við fagfólk leikskólans þannig að aðstaða barna og starfsfólks verði til fyrirmyndar. Allt kapp er lagt á að ný bygging komist sem fyrst í gagnið.

Jákvæð opin og bætt samskipti

Við Sjálfstæðismenn boðum bætt samskipti. Þá erum við að tala um að forsvarsmenn bæjarins verði í enn meiri tengingu við starfsmenn bæjarins og kynnist störfum frá öllum hliðum. Liðsheild er eitthvað sem við leggjum mikla áherslu á. Við erum öll í sama liði – bæjarstjórn og starfsmenn bæjarins. Okkar áhersla er á enn meiri samskipti, fundi með starfsmönnum stofnana ásamt hlustun og skilningi á aðstæðum og störfum allra. Við ætlum sannarlega að vera dugleg að hrósa fyrir það sem vel er gert og veita góða og jákvæða endurgjöf.

Einnig verðum við sýnileg á meðal bæjarbúa og alltaf til viðtals um hvað betur má fara og vel er gert. Ný glæsileg heimasíða bæjarins verður sett í loftið og þar verður aðgengileg ábendingagátt þar sem íbúar geta alltaf komið ábendingum til bæjaryfirvalda um hvað betur má fara eða hvað hefur verið vel gert.

Hlustað á íbúa

Það sem hér hefur verið tilgreint varðandi ásýnd bæjarins og samskipti er hluti af okkar lykilmálum. Það var afar ánægjulegt að fá innlegg í stefnu okkar frá öllum þeim fjölmörgu íbúum sem mættu á hugmyndaþing sem við héldum í Golfskálanum í aðdraganda kosninga. Sú reynsla sem við fengum þar mun nýtast okkur áfram við stjórn bæjarfélagsins því vel kemur til álita að halda reglulega svona viðburði þar sem bæjarbúar verða kallaðir til hugmyndavinnu.

Bjartir tímar og lægri skattar

Fram undan er uppbyggingarskeið þar sem ný byggð mun brátt rísa við Bygggarða. Gert er ráð fyrir fjölgun íbúa og auknum skatttekjum. Þá gefur minnkandi atvinnuleysi auk væntinga um sterkan hagvöxt á komandi árum tilefni til bjartsýni um tekjuþróun bæjarins.

Það er á þessum forsendum og þeirri staðreynd að Seltirningar greiddu á síðasta ári fjórða hæsta útsvar á mann á landinu í krónum talið sem við Sjálfstæðismenn sjáum fyrir gott svigrúm bæjarins til að lækka útsvarið aftur í 13,7% og afmarka í krónum talið hækkun fasteignaskatta.

Erum tilbúin til starfa

Sá glæsilegi og samhenti listi sem við bjóðum fram er tilbúinn til starfa með ykkur og fyrir ykkur. Í okkar röðum er mikil og víðtæk reynsla og auk þess hæfileikar sem nýtast okkar bæjarfélagi í allar áttir til góðs.

Ég vonast til að bæjarbúar séu með okkur Sjálfstæðismönnum í liði um að festa og ábyrgð sé áfram grunnstefið í stjórn Seltjarnarnesbæjar.

Áfram XD!

Þór Sigurgeirsson, oddviti Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi

Betri bær fyrir okkur öll

Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Kæru Seltirningar. Nú styttist óðum í kosningar og flokkarnir hafa síðastliðnar vikur kynnt sín áherslumál og stefnu fyrir næstu fjögur árin. Við í Samfylkingu og óháðum á Seltjarnarnesi höfum talað fyrir áherslum okkar um að búa til betri bæ fyrir börn, betri og lifandi miðbæ og betri bæ fyrir eldri borgara.

Á Seltjarnarnesi höfum við í gegnum árin haft lægri skattprósentu en önnur nágrannasveitarfélög Reykjavíkur og hefur sú prósenta dugað til að veita íbúum bæjarins góða þjónustu. Síðastliðin fimm ár hefur þessi lága útsvarsprósenta ekki dugað til að fjármagna núverandi þjónustu sem hefur haft þær afleiðingar að við höfum safnað 1400 milljón króna halla á bæjarsjóði á þessu sama tímabili. Þetta þýðir einfaldlega að tekjurnar duga ekki fyrir útgjöldum sem hefur leitt það af sér að við höfum frestað framkvæmdum, minnkað viðhald á skólalóðum, götum og almenningsrýmum ásamt því að skera niður í þjónustu við börn og eldri borgara. Það hefur svo haft þær afleiðingar að ánægja íbúa með þjónustu bæjarins hefur minnkað ár frá ári sem birtist í árlegri ánægjukönnun Gallups þar sem við förum úr því að vera meðal efstu sveitarfélaga fyrir 5 árum niður í að vera meðal þeirra neðstu árið 2022.

Við þurfum að bregðast við þessari þróun, ná jafnvægi í rekstri og skapa svigrúm til að mæta þjónustukröfum íbúa. Næsta kjörtímabil á ekki að vera kjörtímabil skattalækkana og niðurskurðar heldur á það að snúast um uppbyggingu og eflingu þjónustu og viðhalds hjá bænum. Við eigum að byggja betri bæ fyrir börn með því að byggja nýjan leikskóla, bæta skólalóð grunnskólans og styðja við fagstarf í skóla- og tómstundastarfi. Við eigum að byggja betri bæ fyrir eldri borgara með því að vinna markvissa stefnumótun á fjölbreyttri þjónustu við eldri borgara sem tekur mið af ólíkum þörfum og því hversu fjölbreyttur hópur eldri borgara er. Við eigum að byggja betri og lifandi miðbæ með því að bæta viðhald á Eiðistorgi og byggja nýja byggingu meðfram Nesvegi með verslun og þjónustu á jarðhæð og fjölbreyttum íbúðum á efri hæðum.

Þannig byggjum við betri bæ fyrir okkur öll.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Oddviti Samfylkingar og óháðra á Seltjarnarnesi

Kraftur, gleði og samstaða!

Karl Pétur Jónsson.

Á hverjum morgni höfum við val. Ætlum við að dreifa gleði í kringum okkur eða ætlum við að fara fúl og illskeytt út í daginn. Ætlum við að eiga í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum, gefa af okkar orku og þiggja frá öðrum, eða ætlum við að loka á umheiminn og súrna.

Undanfarnar vikur hef ég verið svo lánsamur að vera umkringdur stórum hópi fólks sem velur fyrri valkostinn. Átján tíma vinnudagar verða ekkert mál þegar fólk fullt af bjartsýni, gleði og krafti umkringir mann.

Framtíðin er samheldinn hópur fullur af krafti og gleði. Við erum þverpólitískt bæjarmálafélag. Kjarni gilda okkar er trúin á frelsi einstaklingsins, en einnig skyldu hans gagnvart náunganum. Við trúum því að lítil samfélög eins og Seltjarnarnes þrífist vegna þess að við vinnum saman að því að leysa verkefnin.

Styrkur okkar á Seltjarnarnesi liggur í smæðinni. Við erum lítið samfélag. Sú staðreynd á að gera okkur kleift að gera betur en önnur sveitarfélög. Ég hef saknað krafts, gleði og og samheldni úr pólitíkinni á Seltjarnarnesi. Við getum menntað börn betur en nokkur annar, hlúð að fötluðum betur en aðrir og annast aldraða íbúa betur en önnur bæjarfélög. Við getum þetta og eigum að gera það með stolti og ánægju.

Við trúum því að í nútímanum búi lausnir Framtíðarinnar. Að vandamál séu bara óleyst verkefni. Að það sé hægt að byggja samfélag þar sem við þjónum hverju öðru með því markmiði að verða betri manneskjur. Að börnin okkar fari út í hinn stóra heim sem vandaðar, forvitnar og vel menntaðar manneskjur, í breiðasta skilningi þess orðs.

Vonandi eru þetta ekki draumórar í okkur. Vonandi eru ekki of margir Seltirningar svo fastir í fortíðinni að þau trúa á 50 ára gamlar kreddur um að bærinn okkar eigi að vera skattaparadís. Að allar breytingar á bænum okkar séu af hinu illa. Að allt sé fullkomið eins og það er.

Mörg hundruð samtöl Framtíðarhópsins við bæjarbúa fylla mig bjartsýni. Samtöl við starfsfólk bæjarins og heimsóknir á vinnustaði þess hafa undirstrikað að jákvæðra og nútímalegra breytinga er þörf. Ég býð mig fram til að stýra þessum breytingum.

Mitt endanlega markmið er að þegar börnin mín fara sjálf að eignast börn þá vilji þau hvergi annarstaðar búa en hér.

Karl Pétur Jónsson, oddviti á lista Framtíðarinnar á Seltjarnarnesi.

Gott samstarf og gagnkvæmt traust milli Seltjarnarneskirkju og bæjarins

Svana Helen Björnsdóttir.

Ný leikskólabygging mun brátt rísa á horni Nesvegar og Suðurstrandar, á svonefndum Ráðhúsreit. Þar standa nú smáhýsi sem kölluð eru Fagrabrekka og hafa hýst hluta af leikskólastarfseminni tímabundið til þessa. Einnig eru á þessum stað bílastæði sem brátt munu verða hluti af endurnýjaðri leikskólalóð.

Mikilvægt er að sem minnst röskun verði á starfsemi leikskólans næstu tvö árin, meðan á framkvæmdum við nýbyggingu leikskólans stendur. Því hafa bæjaryfirvöld sent sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju erindi og farið þess á leit að smáhýsi Fögrubrekku fái að flytjast inn á norðurhluta kirkjulóðar Seltjarnarneskirkju, við göngustíginn ofan við Plútóbrekku. Í Seltjarnarneskirkju er fyrir ein leikskóladeild, í svonefndu Holti. Sú starfsemi er einnig tímabundin ráðstöfun þar til hin nýja leikskólabygging hefur verið reist sem rúmar þau börn sem nú dvelja bæði í Holti og á Fögrubrekku.

Við flutning Fögrubrekku til Seltjarnarneskirkju mun bílastæðum kirkjunnar fækka umtalsvert. Öll bílastæðin sunnan kirkjunnar munu hverfa tímabundið og finna verður kirkjugestum önnur bílastæði, t.d. við tónleika, útfarir og stærri viðburði sem fram fara í kirkjunni eða safnaðarheimili hennar.

Sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju hittist nýverið á fundi til að ræða erindi bæjaryfirvalda. Nefndin samþykkti einróma erindi bæjarins, enda hefur samstarf beggja aðila ávallt verið einstaklega gott og gagnkvæm velvild og skilningur ríkt.

Kirkjan mun ekki þiggja leigugreiðslur vegna afnota bæjarins af kirkjulóðinni, en sem endurgjald fyrir lán lóðarinnar hefur bærinn heitið að ganga vel frá bílastæðinu aftur, setja hitalögn undir það og malbika að loknum framkvæmdum.

Á næstunni reynir á samstarf kirkjunnar og bæjaryfirvalda því ýmis mál á enn eftir að leysa varðandi framkvæmdir á kirkjulóðinni og hafa þarf stjórnendur leikskólans með í ráðum. Mikilvægt er að traust og skilningur ríki milli aðila. Sóknarnefnd kirkjunnar og bæjaryfirvöld vinna saman að lausn bílastæðavanda kirkjunnar. Að tveimur árum liðnum ætti kirkjan að hafa endurheimt húsnæði sitt (Holt) og bílastæði. Þangað til er mikilvægt að við sýnum hvert öðru skilning og tillitssemi í umferð nærri kirkjunni.

Svana Helen Björnsdóttir,
frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Af sköttum og skuldum

Um síðustu áramót hækkaði minnihlutinn í bæjarstjórn með fulltingi svokallaðs óháðs bæjarfulltrúa útsvar á Seltjarnarnesi úr 13,7% í 14,09%. Að mati þeirra er reksturinn bæði slæmur og ósjálfbær. Breytir þar engu um að nær allur hallarekstur síðustu ára megi rekja til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu sem nemur tæplega milljarði á kjörtímabilinu og mikilla efnahagslegra þrenginga í heimsfaraldrinum þar sem atvinnuleysi fór yfir 10%. Ríkisstjórninni kom ekki til hugar að hækka skatta á landsmenn þrátt fyrir mikinn halla ríkissjóðs enda tekur nú kröftug viðspyrna við. Bjartari tímar blasa við og skattahækkun svo skömmu fyrir kosningar er með miklum ólíkindum. Á síðasta ári, fyrir skattahækkunina, greiddu Seltirningar fjórða hæsta útsvar á mann á landinu eða tæplega 770.000 kr. Er sú tala nokkuð hærri en íbúar nágrannasveitarfélaganna greiddu eins og sést á neðangreindum tölum úr Árbók sveitarfélaga 2021.



Heimild: Árbók sveitarfélaga 2021

Útsvar og fasteignaskattar verða lækkaðir

Við Sjálfstæðismenn ætlum að lækka útsvarið aftur í 13,7% og leiðrétta þetta óheillaskref sem stigið var undir lok síðasta árs. Auk þess ætlum við að lækka fasteignaskatt þannig að hann hækki ekki umfram verðlag. Skv. vísitölu íbúðaverðs hefur verð á fjölbýli hækkað um 22% sl. 12 mánuði og sérbýli um yfir fjórðung. Þetta mun endurspeglast í nýju fasteignamati sem birt verður í júní og brýnt er að lækka álagningu fasteignaskatts til að mæta þessum hækkunum. Á sama tíma fjölgar íbúum á næstu misserum, hagvöxtur er að taka við sér af miklum krafti og atvinnuleysi er nú komið undir 4%. Tekjur bæjarins eru að styrkjast verulega, án tillits til skattahækkana.

Lágar skuldir og sterkt veltufé frá rekstri

Magnús Örn Guðmundsson.

Um helmingur af langtímaskuldum bæjarins eru vegna byggingar hjúkrunarheimilis og stækkunar fimleikahúss. Ríki og borg greiða stærstan hluta þessara skulda og því segja heildarskuldir lítið til um sterkan efnahag bæjarins. Skuldaviðmið var um 80% um síðustu áramót, en það má að hámarki vera 150%. Veltufé frá rekstri samstæðu bæjarins hefur verið sterkt þrátt fyrir erfiðleika síðustu ára en það nam yfir 350 milljónum á síðasta ári og 400-500 milljónum árlega næstu 3 árin (án hækkunar útsvarsins). Veltufé segir til um hversu miklu fjárflæði reksturinn skilar, eftir alla grunnþjónustu, til að borga af skuldum og ráðast í fjárfestingar. Engu að síður telur minnihlutinn ekki vera til rekstrarfé til að standa undir þjónustu við bæjarbúa! Því fer fjarri og veltufé mun styrkjast enn frekar á komandi misserum. Gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar hefur engin áhrif á fjárstreymið og þar með grunnþjónustuna sem verður áfram með besta móti. Ábyrgir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu standa vörð um góða þjónustu á sama tíma og rekstur bæjarins mun vera traustur án þess að hækka þurfi skatta um leið og gefur á bátinn. Það er bjart framundan á næsta kjörtímabili með nýjum krafti á traustum grunni.

Magnús Örn Guðmundsson, formaður bæjarráðs skipar 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins

Heimild: Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar

Forvarnir verða að komast í framkvæmd

Forvarnastefna Seltjarnarnesbæjar felur í sér bæði faglega sýn á hvað er vænlegt til árangurs í forvörnum, sérstaklega í áfengis- og vímuefnamálum, en einnig hvert hið mikilvæga hlutverk framkvæmdaaðila hennar er. Til að standa vel að vígi í forvörnum verðum við sífellt að safna upplýsingum um stöðu mála sem byggja á niðurstöðum rannsókna og reynslu. Undanfarin misseri hafa til að mynda kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi orðið fyrirferðameiri í umræðunni í tengslum við forvarnir. Heildarstefna í forvörnum þarf því að vera í stöðugri endurskoðun í takt við þróun samfélagsins.

Grunnurinn er lagður heima

Grunnurinn að forvörnum er fyrst og fremst lagður heima í skjóli foreldra og forráðamanna, þar sem viðhorf til hinna ýmsu forvarnaþátta mótast. Þaðan koma börn og ungmenni með viðhorf sín inn í hið félagslega uppeldi sem fram fer innan veggja skólans, í tómstunda- og félagsstarfi og íþróttastarfi Gróttu. Þar blandast öll viðhorfin og því þarf að móta skýra stefnu um hvernig við viljum hafa menninguna og samskiptin innan þessara mikilvægu stofnana í uppeldi barna og ungmenna á Seltjarnarnesi. Öllu starfsfólki stofnana og félaga innan bæjarins er ætlað að stuðla að framgangi forvarnastefnu Seltjarnarnesbæjar, sinna fræðslu og forvörnum og stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Þannig getum við minnkað áhættuhegðun barna og ungmenna á ýmsum sviðum.

Við erum öll forvarnir

Innan grunnskólans væri möguleiki á að starfrækja forvarnateymi sem til að mynda samanstæði af skólastjóra, fulltrúum foreldra, eldri nemenda og kennara. Einnig væri hægt að greiða áhugasömum kennurum sérstaklega fyrir að sinna skipulagi forvarna innan skólans eins og gert er í flestum framhaldsskólum. Svipað vinnulag væri hægt að hafa innan Íþróttafélagsins Gróttu þar sem meirihluti æsku Seltjarnarness hefur viðkomu á uppvaxtarárum sínum. Við erum öll forvarnir. Við verðum að standa saman og ég mun leggja faglegu þekkingu mína og reynslu í forvörnum á vogarskálarnar til að Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi nái góðu kjöri og fái tækifæri til að styðja við eflingu forvarna.

Hildigunnur Gunnarsdóttir.

Hildigunnur Gunnarsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, skipar 6. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi í sveitarstjórnakosningunum 14. maí næstkomandi.

Lengi býr að fyrstu gerð

Ragnhildur Jónsdóttir.

Á yfirstandandi kjörtímabili gerðist Seltjarnarnesbær aðili að verkefninu Heilsueflandi samfélag í samráði og samstarfi við Embætti landlæknis. Markmið bæjarins er að skapa umhverfi og aðstæður í samfélaginu sem stuðla að heilbrigðum lífsstíl, heilsu og vellíðan bæjarbúa á öllum æviskeiðum. Með stefnumótun og aðgerðum getur bærinn haft jákvæð áhrif á mikilvæga áhrifaþætti heilbrigðis svo sem menntun, félagsþjónustu, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf, félagslegar aðstæður, byggt og náttúrulegt umhverfi auk skipulags og samgangna. Með markvissu forvarnarstarfi og fræðslu má enn fremur hafa áhrif á lífsstíl, svo sem hreyfingu, geðrækt, næringu, svefn, kynheilbrigði og notkun vímuefna.

Áskorun frá skólasamfélaginu

Nýverið barst áskorun á borð skólanefndar frá stjórn foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness og kennurum á unglingastigi. Líst var yfir áhyggjum af því að svigrúm til að sinna forvarnarmálum væri ekki nægilegt og að vísbendingar væru um að faraldurinn hefði haft neikvæð áhrif á skólasókn og vímuefnanotkun í samfélaginu. Skorað var á bæjaryfirvöld að bregðast við því með því að ráða æskulýðsfulltrúa í fullt starf og hækka starfshlutfall forstöðumanns Selsins, félagsmiðstöðvar ungmenna, úr 80% í 100% starf.

Máli vísað til fagstjóra

Það er óhætt að segja að skólanefnd, fagnefnd bæjarins, hafi tekið erindinu mjög alvarlega. Allir nefndarmenn, þvert á flokkslínur, samþykktu að málinu yrði vísað strax til fagstjóra bæjarins; sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Var honum falið að gera faglegt mat á þörfinni í samvinnu við forstöðumann Selsins og koma með tillögur um úrbætur ef þörf krefði. Málið var þar með komið í eðlilegt ferli innan stjórnsýslunnar aðeins átta dögum eftir að erindið barst.

Góð stjórnsýsla og ábyrg fjármálastjórn

Fundargerð skólanefndarfundarins var lögð fyrir síðasta bæjarstjórnarfund til staðfestingar. Engar athugasemdir bárust frá bæjarfulltrúum við afgreiðsluna. Í lok fundar lögðu hins vegar bæjarfulltrúar minnihluta í bæjarstjórn, ásamt Bjarna T. Álfþórssyni, fram tillögu um að ráðinn verði æskulýðsfulltrúi í fullt starf frá hausti 2022, vitandi að málið væri þegar komið í ferli og niðurstaða faglegs mats á þörfinni lægi ekki enn fyrir.

Sú sem hér heldur á penna fór í pontu og benti góðfúslega á að málið væri í eðlilegum farvegi innan stjórnsýslunnar í samræmi við niðurstöðu fagnefndar bæjarins og áréttaði þá skoðun sína að fagfólkið sem fer fyrir málaflokknum hjá bænum fengi tækifæri til að ljúka við þarfagreininguna áður en ákvörðun um að auglýsa stöðugildi væri tekin. Slíkt væri bæði eðlileg krafa og góð stjórnsýsla.

Mikilvægi forvarnarstarfs

Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi leggur ríka áherslu á öflugar forvarnir á öllum æviskeiðum þar sem fagleg sjónarmið ráða för. Á komandi kjörtímabili vill flokkurinn auka tækifæri barna til tómstunda- og íþróttaiðkunar með hækkun tómstundastyrks í 75.000 kr. Einnig munum við efla heimaþjónustu og halda áfram að styðja af krafti við heilsueflingu eldri bæjarbúa. Mikilvæg skref voru tekin í því á yfirstandandi kjörtímabili svo sem með Janusarverkefninu sem farið hefur afar vel af stað. Þá munum við vinna með fagaðilum í að skapa sem bestan stuðning skóla og félagsstarfs við góða líðan, lífsstíl og heilsu allra barna á Nesinu.

Ragnhildur Jónsdóttir
varabæjarfulltrúi og varaformaður skólanefndar
skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokks í sveitarstjórnarkosningunum 14. maí nk.

Systrasamlagið
Netverslun:
systrasamlagid.is
Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Betri og grænni útivistarsvæði

Karen María Jónsdóttir.

Falleg náttúra og umhverfi er eitt aðalsmerki Seltjarnarness, sem bæði íbúar og gestir bæjarfélagsins njóta. Til að komandi kynslóðir fái notið svæðisins til framtíðar þurfum við að huga að verndun umhverfisins á sama tíma og við hugum að nýtingu og aðgengi.

Fjörur Seltjarnarness eru vinsælir viðkomustaðir barna, fjölskyldna og vatnaíþróttamanna auk þess sem skólar bæjarins nota þær til kennslu og náttúruskoðunar. Ástand fráveitu er hinsvegar ámælisvert en niðurstöður heilbrigðiseftirlits síðustu ára sýna að fjöldi saurkólígerla í sjó er nánast viðvarandi yfir viðmiðunarmörkum. Mikilvægt er að koma upp mælum svo hægt sé að fylgjast með flæði skólps í rauntíma, ekki aðeins til að uppfylla reglurgerðir heldur til að getað upplýst bæjarbúa um stöðuna í fjörum hverju sinni. Þá eru Samfylkingin og óháðir fylgjandi sameiginlegri tillögu Umhverfisstofnunnar og Umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar um stækkun friðlandsins umhverfis Gróttu ásamt Seltjörn en með stækkuninni næst heildstæðari vernd svæðisins vegna fuglalífs, vistgerða og jarðminja.

Gróttubyggð er nýtt tæplega 200 íbúða hverfi sem mun rísa vestast á Seltjarnarnesi, í jaðri helsta náttúru og útivistarsvæðis bæjarsins. Íslenskur byggingariðnaður hefur þegar rutt brautina þegar kemur að umhverfisvernd og margir birgjar byggt upp getu til að bjóða umhverfisvænar byggingarvörur. Samfylkingin og óháðir vilja ræða við verktaka, fjárfesta og aðra sem koma að uppbyggingu á svæðinu um að nýtt hverfi verði vistvottað en þannig verði bæði lífsgæði manna og dýra sem og umhverfisvernd tryggð. Þá er mikilvægt að tryggja góða ljósvist í Gróttubyggð þannig að ekki gangi á myrkurgæði Vesturssvæðanna sem eru einstök á höfuðborgarsvæðinu öllu þegar kemur að náttúrugæðum himinhvolfsins.

Sjálfbærni í ferðaþjónustu snýr að þekkingu á þeim takmörkum sem náttúran setur okkur.

Samfylkingin og óháðir munu á kjörtímabilinu leggja áherslu á markvissa stýringu með gerð áfangastaðaáætlunar enda er hún lykill að farsælli og sjálfbærri uppbyggingu og verndun viðkvæmra og friðlýstra svæða á Nesinu. Áætlunin miði að því að upplifun af svæðinu standist væntingar ferðamannsins, styðji við atvinnurekstur en sé á sama tíma í sátt við íbúa og umhverfi.

Meðal forgangsverkefna verður að skipuleggja Vesturssvæðin með áherslu á varðveislu náttúru og menningararfleifðar enda felst aðdráttarafl svæðisins í stórbrotinni náttúrufegurð, fuglalífi, menningu og sögu. Nýtt Náttúruminjasafn Íslands fái hlutverk miðstöðvar þar sem gestir eru upplýstir um svæðið og umgengni í lifandi umhverfi. Forsendur skapist þar með fyrir lifandi safnastarfi í Nesstofu og verður slíkt rætt við Þjóðminjasafn Íslands. Þá spili Ráðagerði mikilvægt þjónustuhlutverk. Leggja þarf áherslu á gangandi og hjólandi umferð með uppbyggingu stígakerfis sem tengir saman þjónustu og áningastaði. Finna þarf athafnasvæði bæjarins framtíðarstað.

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Valhúsahæð er svæðið skilgreint sem útivistarsvæði. Umhverfisnefnd vann á kjörtímabilinu lýsingu á 7 mis skjólsælum svæðum innan Valhúsahæðar og vildi fá viðbrögð bæjarstjórnar til frekari aðgerða til að búa í haginn fyrir útilíf, hreyfingu og útikennslu í anda heilsueflandi samfélags, en viðbrögð komu ekki. Við í Samfylkingunni og óháðum teljum að taka megi skrefið og gera hana enn grænni og skjólsælli án þess að draga úr útsýnisgildi hæðarinnar. Byggja má m.a. á mismunandi eiginleikum undirsvæðanna og skipuleggja með tilliti til skjóls og vindátta. Svæðið býður upp á mikinn möguleika á að verða miðpunktur fyrir Seltirninga til samverustunda með hvort öðru, börnum og jafnvel hundum.

Karen María skipar 4. sætið á lista Samfylkingar og óháðra

Nesfréttir www.borgarblod.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

DAGSKRÁ Í MAÍ OG FRAM Í JÚNÍ.

Kaffikrókur alla morgna á Skólabraut frá kl. 9.00. Öll námskeið verða starfrækt fram til 20. maí., eða í samráði við leiðbeinendur. Jóga/leikfimi í salnum á Skólabraut alla mánudaga og miðvikudaga kl. 11.00. Handavinna, samvera og kaffi alla mánudaga og miðvikudaga kl. 13.00. – 16.00. Opið allt árið. Vatnsleikfimi í sundlauginni alla mánudaga og fimmtudaga kl. 18.30. Vatnsleikfimi í sundlauginni alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 07.10. Pútt á Skólabraut alla þriðjudaga kl. 10.30 þegar verður leyfir. Púttvöllurinn opinn öllum sem vilja á öðrum tímum. Kylfur og boltar við inngangin. Helgistund á Skólabraut annan þriðjudag í mánuði kl. 13.30. Dagskrá í kirkjunni síðasta þriðjudag í mánuði kl. 14.00. Karlakaffi í safnaðarheimili kirkjunnar alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.00. Kyrrðarstund í kirkjunni alla miðvikudaga kl. 12.00. Botsía á Skólabraut alla miðvikudaga kl. 10.00. Söngur í salnum á Skólabraut á föstudögum kl. 13.00. Ath. Síðasta söngstundin verður föstudaginn 20. maí. Ath. Eftir miðjan júní geta ofangreindar dagsetningar og tímar breyst á einstaka dagskrárliðum.

Félagsvist í salnum á Skólabraut þriðjud. 10. maí og fimmtudaginn 2. júní kl. 13.30. Bingó í salnum á Skólabraut fimmtudagana 12. maí og 9. júní kl. 13.30.

SKÓLABRAUT: Þriðjudaginn 17. maí kl. 15.00-16.00 verður SAMEIGINLEGUR VIÐBURÐUR félagsstarfsins og ungmenna í félagsmálafræði í Valhúsaskóla. Ef veður leyfir verður m.a. púttað á flötinni. Fólk hvatt til að fjölmenna.

GAMAN SAMAN, FÖGNUM SUMRI 19. MAÍ. Fimmtudaginn 19. maí fögnum við sumarkomunni í salnum á Skólabraut kl. 17.30. Að þessu sinni ætlum við að fá til okkar Grillvagninn. Bjarni Hall mætir með gítarinn, syngur og spjallar. Skráningarblöð liggja frami.

Fyrirhuguð ferð félagsstarfsins og kirkjunnar sem átti að fara 24. maí um Suðurnes frestast til haustsins. Þess í stað sameinast félagsstarfið og kirkjan í ferð á Hvítasunnudag sunnudaginn 5. júní. Farið verður í Strandarkirkju og svo í kaffi í safnaðarheimili Hveragerðiskirkju. Skráning er nauðsynleg og er ferðin fólki að kostnaðarlausu í boði kirkjunnar og bæjarins. Allar nánari upplýsingar liggja frammi í kirkjunni og á Skólabraut.

HANDVERKSSÝNING: 26.-28. maí í aðstöðu félagsstarfsins að SKÓLABRAUT 3-5. Handverkssýning eldri bæjarbúa sem stundað hafa hin ýmsu námskeið og handverk í vetur. Vetrarstarfinu lýkur á 3ja daga sýningu sem hefst fimmtudaginn 26. maí á degi eldri borgara/uppstigningardag, opið kl. 15.00 – 17.00. Föstudag og laugardag opið milli kl. 13.00 og 17.00 báða dagana. Hvetjum fólk til að fjölmenna og taka með sér gesti. Sölubásar og vöfflukaffi.

SUMARFERÐIN. LANGJÖKULL. 16. JÚNÍ. Félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa og Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi standa saman að sumarferðinni í ár. **Dagsetningin er fimmtudagurinn 16. júní** og er ferðinni heitið á Langjökul. Keyrum sem leið liggur austur að Gullfossi, þar sem 4x4 rúta tekur við okkur og keyrum upp Kjalveg og inn á Skálpanes þar sem farið verður í Sleipnis-trukkinn stóra og þaðan inn á Langjökul. Annað hvort verður farið inn í Þursaborg eða að Jarlhettum, fer allt eftir aðstæðum. Ferðin í heild sinni gæti tekið 7-8 klst. og á að vera aðgengileg öllum. **Farið frá Skólabraut kl. 9.00. Áætluð heimkoma c.a. kl. 17.00. Heildarverð ferðarinnar er kr. 23.000 Allur ferðakostnaður, leiðsögumaður og nestispakki sem inniheldur safa, samloku ávexti og kökusneið. Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi niðurgreiðir kr. 5000.- fyrir hvern meðlim í félaginu, og greiðir þá félagsmaður kr. 18.000.-** Gerum ráð fyrir smá stoppum á leiðinni austur og til baka þar sem fólki gefst þá kostur að fá sér eitthvað í svanginn og komast á salerni. Ath. Lágmarksþátttaka er 25 manns og er skráning hafin. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig má skrá sig og fá allar nánari upplýsingar hjá Kristínu í síma 893 9800.

Dagskráin í sumar verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Ungmenni í sumarstörfum hjá Seltjarnarnesbæ sjá um og skipuleggja sumarið með forstöðumanni og koma til með að hafa fjölbreytt starf fyrir alla. Endilega fylgist með dagskránni inni á mbl.is/fólkið/félagslíf eða í blaðaútgáfu undir raðauglýsingum/félagsstarf eldri borgara. Einnig eru reglulega settar inn tilkynningar á fb síðuna eldri borgarar á Seltjarnarnesi. Aðstaða félagsstarfsins er opin alla virka daga og þar liggja frammi allar upplýsingar um félagsstarfið.

BÓKAÐ MÁL

Frelsi

Ég keyri í vinnuna á nýju malbiki. Grasið á umferðareyjunum er orðið grænt eins og bráðnaðir frostpinnar og sólin stingur vinalega í augun. Fólkið í hinum bílunum er sumarlega sveitt með sólgleraugu, derhúfur og nývöknuð bros á vörum. Ég er hálfkominn á þá skoðun að sumarið sé byrjað þegar ég legg bílnum og stíg út. Þá brestur samstundis á með heljarinnar hagléli svo sér varla út úr augum. Íslenska snemmsumarið umlykur mig þetta andartak á leiðinni frá bílnum upp að dyrum og svo strax og ég stíg inn fyrir dettur allt í dúnalogn og sólin gyllir höglin á stéttinni.

Maí er nefnilega frekar einkennilegur mánuður. Nú á að vera komið sumar en samt kjósa margir að geyma sumarskapið og bíða eftir júní. Samkvæmt gamla tímatalinu er nú mið harpa sem varla er þekkt fyrir annað en vorhörkur og síðan tekur við skerpla sem verður seint talin til ástsælustu mánaða (þetta eru engin góa og þorri). Er nema von að við bíðum eftir sjálfum sólmánuði sem þó er í raun þriðji mánuður sumarsins?

Þetta millibilsástand á milli vetrar og sumars er í öðrum og heitari löndum kallað vor og þykir þar fremur indæll árstími. Hér hinsvegar erum við rétt að skríða út úr hríðarkófi vetrarins og vitum ekki alveg hvort við eigum að vera í sumarfíling eða stilla væntingum í hóf, að minnsta kosti framyfir næstu mánaðamót.

Hið eiginlega íslenska sumar er samt rétt handan við hornið, með allt sitt heiðgræna frelsi og ferska fjallaloft. Það er gott að minna sig á að veðrið getur verið alveg jafn óútreiknanlegt og leiðinlegt í sumar svo það þýðir hvort sem er ekkert að bíða. Sumarið er ekki bara gott veður. Sumarið er hugarástand. Sumarið er frelsi.

nú er sumar
og fjöllin eru bara rétt hinumegin við næstu götu
og þegar græna ljósið kemur
keyri ég beint áfram
inn í þau
og í gegn

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Nýr leikskóli - Betri bær fyrir börn

Sigurþóra Bergsdóttir.

Samfylking og óháðir ætla ráðast strax í byggingu á nýju húsnæði fyrir Leikskóla Seltjarnarness. Endalausir starfshópar, nefndir og vanefndir hafa bitnað harkalega á fagstarfi leikskólans, starfsánægju leikskólakennara sem og ánægju íbúa með utanumhald bæjarins á leikskólanum. Við þurfum að byggja upp traustið aftur og vinna með fagfólkinu okkar að því að bæta starfsaðstæður og efla fagstarf. Góð aðlaðandi og heilnæm vinnuaðstaða fyrir börn og starfsfólk leikskólans er fjárfesting fyrir bæinn til framtíðar. Þannig getum við verið með aðlaðandi kost fyrir besta fagfólkið og búið til skemmtilegan, umhverfisvænan og uppbyggjandi leikskóla fyrir börnin okkar. Bygging nýs leikskóla er nauðsynlegt skref til að tryggja öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í öflugu og vistlegu umhverfi sem börnin okkar eiga skilið.

Nýr leikskóli, öflug menntastefna og fjármagn til skólaþróunar er mikilvægur hlekkur til að viðhalda faglegu starfi og tryggja nýliðun en fyrirséð er talsverð endurnýjun í starfshópi leikskólakennara vegna aldurs, á sama tíma og skortur er á leikskólakennurum í landinu. Samfylking og óháðir vilja klára vinnu við nýja menntastefnu og setja á laggirnar þróunarsjóð sem leikskólakennarar geta sótt um fjármagn til að setja á laggirnar skólaþróunarverkefni sem byggja á menntastefnunni. Mikilvægt er að Seltjarnarnesbær verði opinn fyrir nýsköpun og skólaþróun á forsendum fagfólksins okkar og tryggt verði að fjöldi barna á deildum taki mið af stærð leikskóladeilda og þess fagstarfs sem þar fer fram.

Mikilvægt er að auka faglegan stuðning í skólunum og efla skólaþjónustu til að geta aukið snemmtæka íhlutun og veitt viðunandi úrræði á réttum tíma til að tryggja að engin börn falli á milli kerfa. Rannsóknir sýna að ef gripið er markvisst inn í með viðunandi stuðning í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskólans sparast miklir fjármunir í dýrum úrræðum seinna á skólagöngunni ásamt því að farsæld barna eykst.

Sigurþóra Bergsdóttir, 2. sæti Samfylkingar og óháðra og framkvæmdastjóri Bergsins headspace.

Betri bær fyrir eldri borgara

Bjarni Torfi Álfþórsson.

Öll vonumst við til þess að geta átt ánægjuleg og áhyggjulaus efri ár. Eldri borgarar er áberandi og fjölbreyttur hópur í samfélaginu á Seltjarnarnesi. Hópur eldri borgara 60 ára og eldri spannar um 40 ár og eru fjórðungur af íbúum á Seltjarnarnesi. Mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreytt verkefni og þjónustu sem höfða til ólíkra aldurshópa. Aðstæður fólks breytast einnig með aldri og ýmis ný úrlausnarefni taka smám saman við.

Með hækkandi meðalaldri íbúa landsins og hægum vexti nýbygginga á Seltjarnarnesi, er eðlilegt að hlutfall eldri borgara verði hærra og hærra í okkar sveitarfélagi. Flestir eldri borgarar búa á og reka eigin heimili, rétt eins og fólk á öðrum aldursskeiðum. Þessum hópi þarf að tryggja aukið framboð heppilegs húsnæðis auk tækifæra til samfélagslegrar virkni, hreyfingar, fræðslu og atvinnuþátttöku með sveigjanlegum starfslokum og hlutastörfum. Með metnaðarfullum markmiðum í skipulagi miðbæjarins sjá Samfylkingin og óháðir möguleika á að bæta úr þörf á hentugu húsnæði fyrir þá sem vilja minnka við sig, án þess að þurfa að yfirgefa Seltjarnarnesið.

Samfylkingin og óháðir vilja leggja metnað okkar í að kortleggja, í samstarfi öldungaráðs og félags eldri borgara á Seltjarnarnesi, alla snertifleti eldri borgarar okkar við þá þjónustu sem í boði er og sjá hvar nýjar áskoranir liggja. Við viljum efla og styðja við félagsstarf aldraðra en markmið þess er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á fjölþætt félags- og tómstundastarf auk námskeiða sem höfða til ólíkra þarfa og áhugasviða þessa breiða hóps. Við viljum einnig styðja áfram og efla hreyfingu eldri borgara í gegnum Janusarverkefnið, félagsstarfið á Skólabraut og samstarf við íþróttafélagið Gróttu.

Þeir eldri borgarar sem þurfa aðstoð viljum við, m.a. með aukinni velferðartækni, veita fyrsta flokks heimaþjónustu, heimahjúkrunar og geðþjónustu, sem við viljum samþætta í auknum mæli í takti við þarfir hvers og eins. Samfylkingin og óháðir leggja áherslu á að aldraðir fái stuðning til að geta lifað sjálfstæðu lífi á eigin heimili eins lengi og þeir vilja.

Bjarni Torfi Álfþórsson - 3. sæti á lista Samfylkingar og óháðra

Betri og lifandi miðbær

Öflugur og lifandi miðbær sem styður við mannlíf og fyrirtæki á svæðinu. Þetta var lagt til grundvallar uppbyggingar Eiðistorgs þegar nýstárlegur miðbær fékk að rísa á Seltjarnarnesi á árunum 1980-1985. Lengi vel naut Eiðistorg heiðurinn að vera glæsilegasti miðbæjarkjarni á höfuðborgarsvæðinu. En með tímanum, breyttum rekstrarskilyrðum og neyslumynstrum, fór að halla undir fæti á torginu fagra. Bærinn hefur ekki lagt metnað sinn í að bæta ásýnd torgsins, uppbyggingu eða sinna viðhaldi nægilega vel og fyrir vikið horfum við Seltirningar á torgið eins og yndislegan draum sem er við það að hverfa úr hugum okkar. En er það orðið of seint að breyta?

Samfylkingin og óháðir vilja endurvekja drauminn um betri og lifandi miðbæ. Miðju mannlífs, menningar, verslunar og þjónustu. Við viljum bæta viðhald og skapa Eiðistorg sem laðar að íbúa Seltjarnarness jafnt og íbúa nærliggjandi bæjarfélaga og ferðamann. Bærinn býr svo vel að því að eiga lóð við Nesveg, þar sem klukkuskiltið góða stendur við bílaplan Eiðistorgs, þar sem hægt er að bæta við blandaðri byggð verslunar og þjónustu á jarðhæð og íbúðum á efri hæðum. Sala á þessari lóð myndi skila bæjarfélaginu peningum sem hægt væri að nota til móts við kostnað við byggingu nýs leikskóla. Ennfremur mun það skila bænum fjölbreyttum íbúðum á miðbæjarsvæðinu sem henta fyrstu kaupendum og fjölskyldum sem kjósa nálægð við skóla og þjónustu og eldri borgurum sem vilja minnka við sig. Samfylkingin og óháðir vilja styðja við samgöngur að þessum nýja miðbæjarkjarna með því að fá eina af stofnleiðum Strætó inn að bænum. Þessar stofnleiðir, sem ganga oftar og stoppa sjaldnar, myndu ekki aðeins auðvelda fólki að heimsækja Seltjarnarnes, heldur einnig hjálpa Seltirningum að sækja þjónustu og vinnu í önnur bæjarfélög með umhverfisvænum hætti sem fækkar bílum í umferðinni.

X við S er atkvæði fyrir betri og lifandi miðbæ. Miðbæ sem við getum öll verið stolt af.

Guðmundur Gunnlaugsson - 5. sæti á lista Samfylkingar og óháðra

Samfylking og óháðir vilja:

- Byggja öflugan og lifandi miðbæ til að styðja við mannlíf og fyrirtækin á svæðinu með því að endurskipuleggja svæðið með nýjum verslunar- og þjónusturýmum í götuhæð og íbúðir á efri hæðum.
- Auka samráð við íbúa í skipulagsmálum í formi rafræns vettvangs þar sem íbúar geta kynnt sér skipulagsbreytingar, sent inn athugasemdir og tillögur
- Að byggja upp fjölbreyttar íbúðir á miðbæjarsvæðinu sem henta fyrstu kaupendum, fjölskyldum sem og eldri borgurum sem vilja minnka við sig
- Lagfæra og bæta ásýnd göngustíga, leiksvæða og annarra almenningsrýma á Seltjarnarnesi
- Fá eina af stofnleiðum strætó inn á Seltjarnarnarnes en þær ganga hraðar og stoppa sjaldnar en almennir vagnar. Stofnleiðir eru undanfari Borgarlínu.
- Leggja hjólastíg meðfram Nesveginum sem fjármagnaður er af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins
- Bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfaranda og minnka hraðakstur á Seltjarnarnes

Guðmundur Gunnlaugsson.

GRÓTTUSÍÐAN www.grotta.is

Þröstur nýr formaður Gróttu

T.v. Bragi Björnsson, fráfarandi formaður aðalstjórnar Gróttu og Þröstur Guðmundsson nýr formaður aðalstjórnar Gróttu.

Aðalfundir deilda og ráða Íþróttafélagsins Gróttu fóru fram, þriðjudaginn 26. apríl og fóru þeir fram í hátíðarsal félagsins. Guðmundur Sigurbergsson formaður UMSK hélt um fundarstjórnina en fundurinn hófst með skýrslu Braga Björnssonar, formanns aðalstjórnar og í kjölfarið komu formenn og gjaldkerar deilda og ráða í pontu og fóru yfir starfið á árinu og rekstrarniðurstöður.

Heilt yfir gekk rekstur félagsins og deilda vel á árinu og hefur rekstur félagsins almennt verið í góðu jafnvægi á árinu 2021 þrátt fyrir að covid faraldurinn hafði minnt á sig á árinu.

Þröstur Guðmundsson tók við formennsku aðalstjórnar af Braga Björnssonar sem lætur af störfum eftir formennsku í 4 ár. Aðrar breytingar á aðalstjórn eru að Anna Björg Erlingsdóttir og Svala Sigurðardóttir koma nýjar í stjórn en Bragi og Fanney Rúnarsdóttir fara úr stjórn.

Stjórn fimleikadeildar og handknattleiksdeildar er óbreytt.

Í stjórn unglingaráðs handknattleiksdeildar var sú breyting að Guðrún Dóra Bjarnadóttir kemur inn í stað Hildar Ýrar Hjálmarsdóttir.

Stjórn knattspyrndudeildar er sú breyting að Pétur Ívarsson og Margrét Dagbjört Flygenring Pétursdóttir hverfa úr stjórn en inn koma Helgi Héðinsson, Hildur Ólafsdóttir og Stefán Bjarnason.

Arna Katrín á leið til Osló

Á dögunum var valinn lokahópur stúlkna f. 2008 og 2009 sem fer á grunnskólaleika Höfuðborganna í Osló.

Mótið fer fram 29. maí – 3. júní. Grótta á einn fulltrúa í hópnum en það er hún Arna Katrín Viggósdóttir.

Hrafnhildur nýr framkvæmdastjóri fimleikadeildar

Stjórn fimleikadeildar Gróttu gekk nýverið frá ráðningu Hrafnhildar Sigurjónsdóttir sem framkvæmdastjóra fimleikadeildar meðan Ólöf Línberg verður í fæðingarorlofi.

Stjórn Fimleikadeildar hlakkar til að vinna með Hrafnhildi í nýju hlutverki og sendir Ólöfu bestu kveðjur og óskir.

Heimaleikjakort til sölu

Heimaleikjakort knattspyrnudeildar Gróttu eru komin í sölu. Við hvetjum alla stuðningsmenn til að næla sér í kort á kostakjörum. Handhafar heimaleikjakorta njóta forgangs á völlinn.

Sala heimaleikjakorta fer fram í vefverslun: *grotta.is/knattspyrnudeild/heimaleikjakort*

Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is
Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavini sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED SIDE PROTECTION · 3 POINT BELT
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Með ábyrgum rekstri eru allir vegir færir

Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir.

Nesið hefur alla þá kosti sem prýða nútíma lífsgæðasamfélag þar sem íbúar fá tækifæri til að njóta framúrskarandi þjónustu og greiða lága skatta. Gildi sjálfstæðisstefnunnar leiða til örvandi áhrifa á efnahag íbúa sem skilar sér til samfélagsins í háum skattstofni og þar með útsvarstekjum. Ábyrgð í rekstri hefur tryggt hátt þjónustustig þrátt fyrir lægri álögur á íbúa. Með ábyrgum rekstri eru allir vegir færir. Við Sjálfstæðismenn viljum tryggja áfram skilvirkan rekstur og hafa álögur lágar og bæta þannig lífskjör. Aðrir listar sem bjóða fram á Nesinu virðast ekki sjá samhengið á milli ábyrgðar í rekstri og stöðugleika í fjármálum sveitarfélagsins. Langtímaáhrif skattahækkana eru jafnan þau að skattstofninn minnkar og erfiðara verður að halda í það þjónustustig sem kröfuharðir íbúar á Nesinu vænta.

Áfram skólar í fremsta flokki

Árangur í menntun skapar farsælt samfélag á Nesinu. Árangur nemenda í skólum hér er mjög góður í samanburði við landið í heild samkvæmt Skólapúlsi sem reiknar landsmeðaltal og meðaltal einstakra skóla. Starfsfólkið er grundvöllur framúrskarandi skólastarfs eins og kom skýrt fram á íbúaþingi um skólamál sem haldið var um daginn þar sem íbúar unnu að framtíðarumgjörð skólamála. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að skapa umgjörð og búa til hvata til eflingar á skólastarfi í skólum bæjarins svo skólarnir verði eftirsóttur vinnustaður og útskrifi áfram framúrskarandi nemendur.

Skýr framtíðarsýn og aukið valfrelsi

Við frambjóðendur á lista Sjálfstæðisflokksins á Nesinu erum með skýra framtíðarsýn og ætlum að láta hendur standa fram úr ermum. Hér njóta íbúar fjölbreyttrar þjónustu en þróa þarf alla þjónustu í takt við nýja tíma. Samhliða byggingu nýs leikskóla ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að auka valfrelsi foreldra til að brúa bilið eftir fæðingarorlof með svokölluðum heimgreiðslum. Þar að auki ætlum við að hækka tómstundastyrk í 75.000 kr. Þá verður valkostum eldri íbúa til búsetu fjölgað með öflugri heimaþjónustu.

Stöðugleiki, gagnsæi og sýnileiki

Það eru bjartir tímar fram undan með fólk í forystu sem ætlar að vinna með stöðugleika, gagnsæi og sýnileika. Við stefnum ótrauð að því markmiði að hækka enn frekar þjónustustigið með hagkvæmum og skilvirkum lausnum.

Tryggjum áfram góðar undirstöður á Seltjarnarnesi. Ekki láta þitt eftir liggja. Mætum á kjörstað þann 14. maí.

Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir,
frambjóðandi í 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT
Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði
Opnum 22. febrúar n.k.
kl. 11-16

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Það kaupir enginn gamlan fisk

Áslaug Ragnarsdóttir.

Ég flutti á Seltjarnarnes fyrir um tíu árum síðan og var mjög ánægð með bæinn minn í nokkur ár þar á eftir. Undanfarin ár hefur hins vegar hallað mjög undan fæti og meirihlutinn markvisst tínt demantana úr kórónu bæjarins, ekki hvað síst þegar kemur að þjónustu við börn og ungmenni. Demantarnir eru tíndir úr svo Sjálfstæðisflokkurinn þurfi ekki að hækka útsvarið en á sama tíma er bærinn rekinn með miklum halla.

Rekstrarstefna Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi gengur einfaldlega ekki upp enda býður meirihlutinn ekki upp á neina raunhæfa kosti til að afla bæjarsjóði meira fjár.

Við í Framtíðinni vitum aftur á móti að til þess að bærinn veiti framúrskarandi þjónustu þarf meira fé í bæjarsjóð. Við vitum því að það þarfi að hækka útsvarið í 14,48% tímabundið, sem fyrir meðallaunamann samsvarar einum kaffibolla á Örnu á viku.

Við í Framtíðinni viljum að það sé eftirsóknarvert að búa á Seltjarnarnesi. Við viljum að bærinn okkar sé til fyrirmyndar á öllum sviðum. Þannig er staðan ekki í dag. Það er kominn tími á breytingar og raunhæfar lausnir. Við í Framtíðinni höfum þær.

Ég á og rek fiskvinnslu. Í þeim rekstri hef ég lært að þú dregur ekki að þér nýja viðskiptavini með gömlum fiski. Hann þarf að vera spriklandi ferskur. Það vill enginn kaupa fiskinn þegar hann er farin að lykta. Það sama á við um bæinn okkar við viljum hafa hann í A-flokki.

Áslaug Ragnarsdóttir framkvæmdarstjóri
og frambjóðandi í 2. sæti á lista Framtíðarinnar

Kirkjuvörður óskast

Seltjarnarneskirkja auglýsir eftir kirkjuverði/kirkjuvörðum.

Starfshlutföll eftir samkomulagi.

Upplýsingar eru veittar í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 17. maí og fimmtudagin 19. maí frá kl. 14-16.

Ábyrgð - Samskipti - Lífsgæði

Áhersluatriði á kjörtímabilinu:

- Lágir skattar og ábyrg fjármálastjórn
- Heimgreiðslur til foreldra
- Framúrskarandi leik- og grunnskólar
- Góð samskipti og gagnsæi í ákvarðanatöku
- Líflegur miðbæjarkjarni við Eiðistorg
- Öflugt íþrótta- og tómstundastarf
- Innleiðing stafrænnar þróunar
- Viðhaldsáætlun fyrir götur og mannvirki
- Tómstundastyrkur hækkaður
- Bygging nýs leikskóla
- Fallegt og snyrtilegt umhverfi
- Varðveitum náttúruna
- Fjölskylduvænt samfélag
- Heilsueflandi samfélag
- Farsæl öldrun
- Ábyrgð í loftslagsmálum

Kynntu þér stefnumál okkar nánar með því að mynda QR kóðann!

1. Þór Sigurgeirsson
2. Ragnhildur Jónsdóttir
3. Magnús Örn Guðmundsson
4. Svana Helen Björnsdóttir
5. Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir
6. Hildigunnur Gunnarsdóttir
7. Örn Viðar Skúlason

8. Grétar Dór Sigurðsson
9. Hannes Tryggvi Hafstein
10. Guðmundur Helgi Þorsteinsson
11. Hákon Róbert Jónsson
12. Inga Þóra Pálsdóttir
13. Guðmundur Jón Helgason
14. Ásgerður Halldórsdóttir

Verið velkomin á kosningamiðstöð okkar að Austurströnd 3 milli 16:00-21:00 alla daga fram að kosningum.

www.xdseltjarnarnes.is I instagram xdseltjarnarnes I facebook Sjálfstæðisfélag Seltirninga